



Dr. Kristberg Kristbergsson, prófessor við Háskóla Íslands, vinnur við þróun á ICEBLU vörulínu TARAMAR.
MYND/ÞÓSEND

Nota vísindin til að leysa leyndardóma náttúrunnar

Margverðlaunuðu TARAMAR húðvörurnar byggja á kyngimögnuðum krafti íslenska þangins og örþörungum sem finnast bæði á sjó og landi.

Guðrún Marteinsdóttir, stofnandi TARAMAR, segir að þegar þau hófu leit að lífvirkum efnum sem væru líkleg til að geta endurmótað og grætt húð, þá hafi augu þeirra fyrst beinst að íslenska þanginu. Gríðarlega mikið magn af þangi finnst við landið og því er þetta ein af okkar stærstu vannýttu auðlindum. Síðar hafi bæst við rannsóknir og þróun á smáþörungum og núna á síðasta ári hefur TARAMAR hafið samstarf við VAXA Life sem ræktar örþörungum við einstakar aðstæður þar sem nýtt er hitaveituvatn frá virkjun ON á Hellisheiði.

„Við leggjum ofuráherslu á hreinleika og sjálfbærni í öllu sem við gerum hjá TARAMAR. Það var því mikill fengur þegar við kynntumst Símoni í Bláskel og fengum fyrstu sendingarnar af þangi frá honum. Símon er einstakur náttúruvinnandi og vinnur þangið á sérstakan hátt: allt í höndunum í takti við náttúruna, án þess að valda neinum spjöllum,“ segir Guðrún.

„Sama er að segja með VAXA Life en ræktun þeirra byggir á stórkostlega flottum aðferðum þar sem orka náttúrunnar er notuð til að rækta afburða hreina þörungum með afgerandi flotta lífvirkni.

Rannsóknir okkar á þanginu hafa leitt í ljós ótrúlega skemmtilega hluti. Þannig höfum við þróað efni úr þörungum sem vinna með stoðkerfi húðarinnar og geta jafnvel stoppað niðurbrot á efnum eins og kollagen, elastin og tyrosine, sem eru helstu byggingarefni húðarinnar. Einnig sjáum við hvernig efni úr þörungum örva frumurnar til að draga úr bólgu og stoppa oxun. Allir þessi þættir mýkja og græða húðina og aðstoð hana við að losa sig við úrgangsefni. Nýjustu vörurnar okkar sem




ICEBLU húðvörurnar frá TARAMAR byggja á lífvirkni bláa phycocyanine-efnisins.

Þannig höfum við þróað efni úr þörungum sem vinna með stoðkerfi húðarinnar og geta jafnvel stoppað niðurbrot á efnum eins og kollagen, elastin og tyrosine, sem eru helstu byggingarefni húðarinnar.

eru í þróun, ganga undir nafninu ICEBLU en þær byggja á bláu lífvirku efni sem er unnið úr spirulínu frá VAXA Life. Þessar vörur eru að fara í prófanir á næstu vikum.“ ■

Meðlimir í vildarklúbbi TARAMAR munu hafa tækifæri til að prófa þessar vörur, en fyrsta reynsla bendir til að lífvirkni þessa efnis sé afburðamikil og húðbættandi á margan hátt. Þeir sem hafa áhuga á að ganga í klúbbinn geta skráð sig á taramar.is. Það kostar ekki neitt og allir fá 5.000 kr. inn á vörslureikning sem þeir geta notað í fyrstu kaup í netverslun TARAMAR.



Í vörubrúuninni er metið hversu mikinn styrkleika þarf af lífvirku efninum.



Simon Már Sturluson í bláskel vinnur í takt við náttúruna og safnar þangi fyrir TARAMAR.